



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 22. maí 2014

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Bt. Bjarna Benediktssonar, fjármálaráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
150 Reykjavík

Efni: Húsnæði St. Jósefsspítala

Með tilvísun til fyrri erinda Hafnarfjarðarbæjar frá 26. júlí 2013 og 18. febrúar 2014, varðandi ráðstöfun fasteigna St. Jósefsspítala við Suðurgötu í Hafnarfirði og starfsemi í húsunum og svarbréfs heilbrigðisráðherra frá 26. febrúar síðastliðin, sem vísar málinu til úrvinnslu í fjármálaráðuneytinu óskar Hafnarfjarðarbær eftir skýrum svörum varðandi húsnæðið, sem nú þarfnast orðið aukins eftirlits og viðhalds.

Mikilvægt er að taka ákvarðanir hið fyrsta um framtíðarnotkun húsnæðisins og hvetjum við fjármálaráðuneytið til að horfa til samstarfs við Hafnarfjarðarbæ auk annarra hagsmunaaðila s.s. íbúa á svæðinu og Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala til að taka ákvörðun um ráðstöfun húsnæðisins.

Nú, þegar að fyrir liggur að ráðuneytið hefur lýst því yfir að eignasala sé möguleg til framtíðar á eignum ríkisins er mikilvægara nú sem aldrei fyrr að fjármálaráðuneytið taki höndum saman með samfélaginu í Hafnarfirði um lausn þessa mikilvæga máls.

Virðingarfyllt,

Guðrún Agústa Guðmundsdóttir
Bæjarstjóri